

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um ADHD-lyf og svefnlyf.

1. *Hversu margir Íslendingar eru á ADHD-lyfjum samkvæmt lyfjaskrá? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.*

Taflan hér fyrir neðan byggist á gögnum úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis fyrir árið 2023 og gefur yfirlit yfir fjölda þeirra sem nota ADHD-lyf sundurliðað eftir aldri og kyni.

ADHD-lyf	Konur	Karlar
0–9 ára	332	767
10–19 ára	2.923	4.239
20–29 ára	2.190	1.966
30–39 ára	2.324	1.989
40–49 ára	1.792	1.500
50–59 ára	881	747
60–69 ára	349	299
70–79 ára	82	72
80–89 ára	10	8
90–99 ára	1	1
100 ára +		
Samtals	10.884	11.588

2. *Hversu margir Íslendingar fá uppáskrifuð svefnlyf? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.*

Taflan hér fyrir neðan byggist á gögnum úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis fyrir árið 2023 og gefur yfirlit yfir fjölda þeirra sem nota svefnlyf sundurliðað eftir aldri og kyni.

Svefnlyf	Konur	Karlar
0–9 ára	20	28
10–19 ára	43	43
20–29 ára	251	174
30–39 ára	751	572
40–49 ára	1.468	982
50–59 ára	2.489	1.457
60–69 ára	4.112	2.290
70–79 ára	4.264	2.660
80–89 ára	2.456	1.424
90–99 ára	780	365
100 ára +	20	5
Samtals	16.654	10.000

3. *Telur ráðherra áhyggjuefni að fleiri Íslendingar séu á ADHD-lyfjum en tíðkast hjá öðrum þjóðum? Er einhver vinna í gangi í ráðuneytinu við að skoða ástæður þess?*

Sé horft til tíu ára tímabils hefur notkun allra Norðurlandanna aukist úr að meðaltali 6,7 DDD/1000/dag árið 2012 í 21,8 árið 2022 sem er aukning um 326%. Á sama tíma jókst ADHD-lyfjanotkun á Íslandi úr 18,9 í 59 DDD/1000/dag eða um 314%.

Ekki eru til innlendar rannsóknir á algengi ADHD-taugaproskaröskunar en alþjóðlegar rannsóknir gefa til kynna að algengi meðal barna liggja á bilinu 5–7,2% og fullorðinna á bilinu 2,5–6,7%. Árið 2023 fengu 22.878 einstaklingar hér á landi afgreidd ADHD-lyf eða 8,5% barna og 5,2% fullorðinna. Bent skal á að ekki þurfa allir með ADHD lyfjameðferð.

Ljóst er að aukning í greiningum og meðhöndlun af þessari stærðargráðu reynir á þjónustukerfið í heild sinni.

Heilbrigðisráðherra skipaði því grænbókarnefnd um stöðu ADHD-mála á Íslandi síðastliðinn desember til að fjalla um þjónustu og stuðning við einstaklinga með ADHD. Á sama tíma og fleiri hafa fengið meðhöndlun með ADHD-lyfjum hér á landi samanborið við nágrannalöndin þá eru biðlistar eftir greiningu langir. Því er markmið nefndarinnar m.a. að greina stöðu þessara mála, lýsa samvinnu helstu kerfa sem snertir fólk með ADHD og þeim áskorunum og tækifærum sem þar leynast.

Í grænbókarnefndinni eru fulltrúar frá heilbrigðisráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, barna- og menntamálaráðuneyti, Geðráði, endurhæfingaráði og ADHD-samtökunum. Nefndinni er ætlað að tryggja umfangsmikið samráð og er ætlað að leita eftir sjónarmiðum haghafa og sérfræðinga, svo sem fulltrúa heilbrigðisþjónustu, fagfélaga, sjúklingasamtaka, embættis landlæknis, Sjúkratrygginga Íslands og Lyfjastofnunar. Grænbókarnefndinni er falið að skrifa grænbók um málaflokkinn og skila fyrir 1. júlí 2024.